



## Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Miðvikudaginn 29. ágúst 2018 var haldinn fundur í hafnar- og skipulagsnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 16.00. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Jóhann Sigurjónsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Steindór R. Haraldsson, Þröstur Líndal, Magnús B. Jónsson sveitarstjóri og Bragi Þór Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Adolf H. Berndsen formaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Skipulagsmál

#### a. Ránarbraut 3

Fyrir fundinum lá umsókn Árna Max Haraldssonar og Ingu Jónu Sveinsdóttur sem sækja um heimild til að byggja einbýlishús á lóðinni Ránarbraut 3. Málið var til kynningar þar sem byggingarfulltrúi hefur heimildir til að afgreiða umsóknina. Fram kom að umsækjendur hafa uppfyllt skilyrði um ábyrgðir meistara og að byggingarfulltrúi muni afgreiða umsóknina og veita byggingarleyfi þegar fullnægjandi gögn og teikningar liggja fyrir.

#### b. Einbúastígur 8-10

Fyrir fundinum lá umsókn frá Lauru ehf um lóðirnar Einbúastíg 8 og 10 til að byggja þar smáhýsi í samræmi við upplýsingar sem fylgdu umsókninni. Málið var áður til umfjöllunar nefndarinnar 21. febrúar og var þá afgreitt til skipulagsferlis. Fram kom að ekki hafi verið send tillaga að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi vegna þessa reits en fyrir þessum fundi liggja tillaga að endurskoðun Aðalskipulagsins þar sem notkun lóða við Einbúastíg verði m.a. tekin til endurskoðunar.

Nefndarmenn ræddu umsóknina og samþykktu að úthluta Einbúastíg 8 til umsækjanda en lóðin Einbúastígur 10 verði tekin til umfjölluna við endurskoðun á Aðalskipulagi.

#### c. Óveruleg breyting á Aðalskipulagi v. hafnarsvæðis

Fyrir fundinum lágu til upplýsinga bréfaskipti sveitarstjóra við Skipulagsstofnun vegna óverulegrar breytingar á Aðalskipulagi hafnarsvæðis. Í bréfum sínum gerir Skipulagsstofnun kröfu um skýringar af ýmsu tagi. Sveitarstjóri lýsti þeirri skoðun að teknu tilliti til itarkrafna Skipulagsstofnunar um upplýsingar langt umfram það sem kveðið er á um í skipulagslögum sé heppilegra að endurskoða Aðalskipulag sveitarfélagsins í heild fremur en reka mál vegna hvernar óverulegrar breytingar sem séu allnokkrar.



#### **d. Endurskoðun Aðalskipulags Skagastrandar**

Fyrir fundinum lá greinargerð frá Landmótun sf um verklag og kostnað við endurskoðun á Aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í greinargerðinni kemur fram að með Aðalskipulaginu verði m.a.:

- Gerð endurskoðun á stefnu nógildandi aðalskipulags og mat lagt á hvaða stefnumið og forsendur þarf að endurskoða
- Yfirfarnar áherslur sveitarstjórnar
- Samræmd stefna skipulagsins við tillögu að Landsskipulagsstefnu.
- Skilgreind landgreining og skipting svæðis í landslagsheildir.
- Gert umhverfismat áætlana ásamt mótun valkosta og sviðsmynda.
- Unnið í samráð við íbúa og hagsmunaaðila.

Í kostnaðarmati kemur fram að heildarkostnaður við endurskoðun Aðalskipulagsins geti numið 3,5-4,1 milljón króna sem skiptist að einhverju leyti á árin 2018 og 2019 og að helmingur upphæðar verði greiddur til baka úr Skipulagssjóði Skipulagsstofnunar.

Greinargerðin var tekin til umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar 27. júní 2018 þar sem var samþykkt að taka upp viðræður við Landmótun um endurskoðun skipulagsins.

Nefndarmenn ræddu greinargerðina og fyrirhugaða endurskoðun Aðalskipulagsins en ekki voru gerðar athugasemdir við greinargerðina eða fyrirhugaða endurskoðun skipulagsins.

## **2. Höfnin**

### **a. Staða á byggingu smábátahafnar**

#### **i. Framkvæmdir við grjótgarða og dýpkun**

Fyrir fundinum lágu afrit verkfundagerða með Norðurtaki ehf. þar sem framgangur verksins er rakinn. Fundargerðirnar voru til kynningar.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu þáttum í framkvæmdinni og kom m.a. fram að gerð varnargarðsins sunnan smábátahafnarinnar erð lokið, ákveðið hafi verið að lengja norðurkantinn frá upphaflegri áætlun til að skapa nægjanlegt rými milli flotbryggjana. Þá hafi losunarsvæði fyrir dýpkunarefni verið stækkað frá upphaflegri áætlun og samið var við verktaka að setja upp varnargarð utan um svæði sem fyllt verði upp. Einnig kom fram að dýpkun með skipinu Galileo 2000 sem kom inn í höfnina fyrr í mánuðinum hafi mistekist þar sem skipið var allt of stórt til verksins. Nú standi yfir samningar við Björgun ehf um að dýpka með dæluskipinu Dísu.

Nefndarmenn ræddu framkvæmdina en gerðu ekki sérstakar ályktanir vegna hennar.

#### **ii. Flotbryggjur**

Fyrir fundinum lá niðurstaða útboðs í flotbryggjur sem var opnað 26. júní sl. Niðurstaða þess útboðs var að Króli ehf var lægstbjóðandi með tilboð upp á



42.741.690 sem var 86% af kostnaðaráætlun. Fyrir fundinum lágu einnig verkfundargerðir með verktaka um útfærslur og frágang á flotbryggjum, skilgreining á innihaldi tilboðs og samantekt kostnaðar við breytingar frá útboði. Þá lá fyrir fundinum teikning sem sýnir fyrirhugað fyrirkomulag flotbryggja og viðlegufingra. Gert er ráð fyrir að 4 steiptir 12 m fingur komi innan á austari flotbryggjuna en á innri bryggjuna komi 8 m stálfingur, 6 hvoru megin. Miðað verði við að á milli fingra verði upp. ein og hálf bátslengd eða nærri 20 m. Í samningi við verktaka er gert ráð fyrir verklokum 1. nóvember 2018. Nefndarmenn ræddu fyrirhugaðar fjárfestingar og framkvæmdir.

### iii. Verkefni utan útboðs

Sveitarstjóri gerði grein fyrir ýmsum verkum sem varða uppbyggingu smábátahafnarinnar en voru ekki sett í útboðsverkin.

- Rafmagnsheimtaug – lýsing. Í undirbúningi sé hönnun raflagna og lýsingar fyrir smábátahöfnina.
- Vatnstengin fram á flotbryggurnar. Ekki er farið að vinna að tengingu eða lagningu vatnslagna fram að svæðinu en gert ráð fyrir að það verði gert þegar framkvæmdum við grjótvörn og dýpkun er að mestu lokið.
- Frágangur á gömlu járnskúffunum á skúffugarðinum. Unnið er að hönnun á frágangi á skúffuendum á austurhlíð garðsins og verið að ganga frá grjótvörn yfir suðvesturenda skúffugarðsins. Ekki hafi verið fjallað sérstaklega um frágang á yfirborði skúffugarðsendans en gera þurfi ráð fyrir að þeim frágangi verði lokið næsta sumar.

### b. Fjármál hafnarinnar – ársreikningur 2017

Fyrir fundinum lá afrit af ársreikningi Skagastrandarhafnar fyrir árið 2017. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur hafnarinnar námu 45,6 milljónum og rekstrargjöld voru 32,2 milljónir. Rekstrarniðurstaða hafnarinnar var því jákvæð um 13,4 milljónir króna. Í efnahagsreikningi kemur fram að fastafjármunir eru 102,5 milljónir og veltufjármunir 152,5 milljónir og eignir samtals 255 milljónir. Í sjóðstreymi kemur fram að handbært fé frá rekstri nam 21,6 milljónum. Ársreikningurinn var til kynningar.

### 3. Önnur mál.

a. Steindór lagði fram svohljóðandi tillögu:

Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að hún hlutist til um að komið verði upp hreinlætisaðsöðu með klósettum og sturtum á hafnarsvæðinu. Stefnt verði að því að framkvæma þetta verkefni á fyrstu mánuðum ársins 2019.



Greinargerð:

Svona hreinlætisaðstaða myndi bæta mjög verulega alla aðstöðu sjómanna sem nýta höfnina og einkum þeirra sem eru á smábátum eða millistærðum báta. Þar er enga eða afar bágborna aðstöðu að finna. Þessi framkvæmd er líka hugsuð sem snyrting fyrir ferðamenn og aðra sem eiga leið um höfnina. Nákvæmlega svona aðstaða er t.d. í boði á Djúpavogi og fleiri útgerðarstöðum og þykir vera til fyrirmyndar.

Það er skoðun Hafnar- og skipulagsnefndar að þessi framkvæmd styrki og efli samkeppnisaðstöðu Skagastrandarhafnar auk þess að vera gott innlegg til framfaramála á Skagaströnd.

Tillagan var rædd og samþykkt með tveimur atkvæðum.

b. Byggingarfulltrúi gerði grein fyrir að auknar kröfur séu gerðar til formlegra atriða hjá byggingarfulltrúaembættum og m.a. sé gerð krafa um gæðahandbók. Hann benti á að e.t.v. væri heppilegra að sveitarfélagið semdi við t.d. Blönduósbæ um byggingarfulltrúaembættið þar sem öllum formlegum skilyrðum um slík embætti er hvort sem er fullnægt. Nefndarmenn ræddu ábendingu byggingarfulltrúa og töldu það frekar í hlutverki sveitarstjórnar að móta stefnu um samstarf eða lausn á málinu. Samþykkt að vísa því til sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.00

Adolf H. Berndsen,

Jóhann Sigurjónsson,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Steindór R. Haraldsson,

Pröstur Líndal,

Magnús B. Jónsson

Bragi Þór Haraldsson,